



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. apríl 2014

Umsögn frá Laxfiskum um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (Þingskjal 609 — 319. mál).

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi er sett fram til að einfalda og bæta lagaumhverfi fiskeldis. Þörf var á slíkum umbótum og því ber að fagna því skrefi sem stigið er með lagasetningu þessari. Lagafrumvarpið er engu að síður ekki gallalaust og verða hér nefnd dæmi um atriði þess sem eðlilegt er að lagfæra. Ennfremur verður vísað til atriða í gildandi lögum\* á þessum vettvangi sem þyrfti að bæta samhliða þeim breytingum sem lagðar hafa verið til í gildandi lagafrumvarpi \*(Þingskjal 1198, 135. löggjafarþing 530. mál: fiskeldi, Lög nr. 71 11. júní 2008 <http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.071.html> og tilheyrandi reglugerð um fiskeldi (401/2012) [Reglugerð nr. 401/2012](#))

Hér eru settar fram þær athugasemdir sem rannsóknafyrirtækið Laxfiskar gerir við "Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi" og ennfremur atriði sem eru í ólagi í lögum um fiskeldi án þess að vera nefnd í frumvarpinu sem tengjast beint þessum fyrirhuguðu breytingum og þyrfti því að lagfæra samhliða breytingunum sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu.

#### **4. gr. frumvarpsins** (á við 7 gr. laga um fiskeldi)

Í greininni er meðal annars kveðið á um hverjir skulu veita umsagnir ef þurfa þykir eftir því sem við á, ef náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefa tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Umsagnaraðilarnir eru Fiskistofa, Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnun og viðkomandi sveitarstjórnir, þ.e.a.s. að stofni til þeir sömu og tilgreindir eru sem umsagnaraðilar í 4.-6. gr. laga um fiskeldi. Þetta er nefnt hér vegna þess að á meðal umsagnaraðilanna eru tveir rannsóknaraðilar, Veiðimálastofnun og Hafrannsóknastofnun og því er mikilvægt að hnykkja á því í lögum sjálfum eða skýringartexta þeirra að rannsóknir og/eða úrvinnsla tiltækra gagna sem umsagnaraðilar geta lagt til að ráðist verði í áður en starfsleyfi er gefið út eða í framhaldinu (vöktunarrannsóknir), þarf ekki að vera á hendi Veiðimálastofnunar og/eða Hafrannsóknastofnunar. Þvert á móti er eðlilegast að umsagnaraðilar sjái ekki sjálfir um rannsóknir sem þeir leggja til

nema hjá því verði ekki komist. Með því móti er komist hjá þeim óeðlilegu hagsmunaárekstrum sem í slíku verklagi felst og um leið virt þau eðlilegu viðmið sem gilda um eðlilega samkeppni við aðila sem starfa á sama sviði.

#### **7. gr. frumvarpsins** (á við 10 gr. laga um fiskeldi)

Í frumvarpinu er að finna eftirfarandi breytingartillögu við 10. gr. laga um fiskeldi: "a. *Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í rekstrarleyfi skal kveðið á um skyldu til erfðamerkinga þannig að hægt sé að rekja uppruna eldisfiska til ákveðinna eldisstöðva.*"

Fyrst ber að geta þess að miðað við þær örmerkingar sem stundaðar voru á hluta seiða sem fóru í kvíaeldi fram til ársins 2011 þá felur orðalag ofangreindrar breytingar 10. gr. laganna (7.gr) í sér gjaldfellingu eftirlisins. Það kemur til af því að einungis er talað um erfðamerkingar sem geri kleift að rekja uppruna fisksins til seiðaeldisstöðvanna en ekki er gert ráð fyrir því að sami eldisaðilinn sé að setja seiði í kvíar á fleiri svæði en eitt sem eðlilegt er að hægt sé að aðgreina ef fullt gagn á að vera í því að þessi varnagli geri kleift að rekja hvaðan vandi laxa sem sleppa úr kvíum er runninn. Vegna þess hvernig eldi seiða er háttað með tilheyrandi stærðarflokkunum og blöndun seiða á meðan eldi stendur þá þarf söfnun erfðasýna til að rekja megi erfðamörk fisksins miðað við það hvar hann verður alinn í kvíum að taka mið af því.

Mikilvægt er að fyrir liggi hvernig skuli staðið skuli að þessum erfðamerkingum áður en lagafrumvarpið með þessum breytingum á lögum um fiskeldi er samþykkt. Víst er að erfðafræðileg samsetning eldislaxa af norskum uppruna sem hér eru notaðir í eldi er fábrugðin því sem finnst á meðal villtra íslenskra laxastofna. Ennfremur má ætla að aðferðafræði sem beitt hefur verið til að aðgreina villta laxastofna á allra síðustu árum nægi til að aðgreina eldislaxa með hliðsjón af uppruna þeirra að því gefnu að tekin séu sýni á marktækan hátt sem gera slíkan samanburð raunhæfan. Þar er komið að kjarna athugasemdar við þessa grein frumvarpsins, nefnilega þá staðreynd að hvergi liggur fyrir hvernig slík sýnataka eigi að fara fram né hverjir eigi að sjá um hana. Fyrr en slík framkvæmdaáætlun liggur fyrir er ekki hægt að leggja mat á það umfang og þann kostnað sem slíku fylgir. Um leið er ekki mögulegt að gera samanburð á hagkvæmni þess að nota þessa aðferð til að geta rakið uppruna eldislaxa sem mögulega sleppa úr kvíum til eldisaðilanna samanborið við aðferðir sem notaðar hafa verið í sama tilgangi, nefnilega örmerkingar á laxaseiðum áður en þau eru sett í áframeldi sem í dag markast af sjókvíaeldi. Annað grundvallaratriði sem kemur þarna við sögu varðar það að lagt er upp með að hluti laxaseiða (10%) sem settur er í sjókvíar vegna áframeldis verði uggaklippt (sjá grein 28. úr reglugerð 401 um fiskeldi frá 2012 sem birt er hér að neðan.

Í reglugerð 401/2012 um fiskeldi segir í 28. gr. kafla 9 sem ber heitið rannsóknir.

*"Merkingar laxfiska.*

*Fiskistofa skal gera kröfur um auðkenningu laxfiska þannig að 10% af útsettum seiðum í sjókvíar verði uggaklippt. Fiskistofa getur krafist þess að hærra hlutfall af útsettum seiðum sé uggaklippt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.*

*Veidimálastofnun skal veita Fiskistofu ráðgjöf um framkvæmd 1. másl. þessarar greinar. Auk þess er framleiðendum laxahrogna skylt að varðveita í*

*gagnagrunnum erfðaefni eldislax þannig að hægt sé á hverjum tíma að rekja uppruna laxfiska sem sleppa úr kvíum og veiðast síðar, m.a. ef óvissa ríkir um áhrif eldis á umhverfið. Gögn eða lífsýni af merkjum eldisfiskum skulu send til Veiðimálastofnunar. Auk þess er framleiðendum hroгна skylt að varðveita í gagnagrunnum erfðaefni foreldrafiska og halda bókhald yfir það frá hvaða foreldrum er selt til hvernar stöðvar þannig að hægt sé á hverjum tíma að rekja uppruna fiska sem sleppa úr kvíum eða stöðvum og veiðast síðar."*

Það að klippa veiðiugga af laxaseiðunum er gert í því skyni að komi þeir fiskar fram í ám og annarstaðar utan kvíanna þá sé hægt að átta sig á því fyrir tilstilli þess auðkennis og þá taka af þeim sýni til að ákvarða erfðamörk þeirra. Gallinn við þessa leið er sú að hún er í algerri andstöðu við þær viðmiðanir sem Íslendingar og nágrannaþjóðir okkar hafa lagt til grundvallar klippingum á veiðiugga. Nefnilega þær að slíkt sé ekki gert nema að seiðið sé samhliða örmerkt. Enda er að öðrum kosti vegið að þeirri merkingaraðferð sem byggir á því að sé fiskur veiðiuggaklipptur þá sé örmerki (málmflís með auðkennisnúmeri) að finna í trjónu (snoppu) hans sem þá er tekin af og skilað. Bara þetta atriði eitt og sér ber það með sér að menn hafi ekki hugsað þessa aðferðafræði til enda því í heildarsamhengi rannsókna á laxi gengur þetta ekki upp. Hér er rétt að geta þess að það að klippa veiðiugga kemur ekki í veg fyrir að möguleiki væri á því að klippa aðra ugga af til aukenningar á eldislaxinum en þeir kostir t.d. kvipuggaklipping) eru þó verri m.t.t. heilbrigðis fisksins og myndu væntanlega ekki vera fýsilegir m.t.t. markaðssetningar á fiskinum. Varðandi uggaklippingar á seiðunum þá er kemur aftur upp það vandamál að líkt og ákvörðuð taka erfðasýna í eldisstöðvum sem sjá um framleiðslu seiða fyrir sjókvíaeldi að ekki liggur fyrir hvernig framkvæmdinni á að vera háttáð. Varla á eldisaðilinn sjálfur að fá að sjá um þetta óbeina eftirlit með eigin framleiðslu. Tryggja verður að fagaðilar sjái um þennan þátt en óeðlilegt er að umsagnaraðilinn Veiðimálastofnun komi að slíkum uggaklippingum jafnt sem sem töku erfðasýna enda eins og bent var á í athugasemd við 4. grein þessa frumvarps þá væri slíkt vafstur beggja vegna borðsins í meira lagi ósiðlegt m.t.t. hvorutevggja eðlilegs hlutleysis umsagnaraðila og þeirra samkeppnissjónarmiða sem gætt er í samkeppnislögum um samkeppni aðila sem starfa á sama sviði. Í reglugerð sem sett var 2012 við lög um fiskeldi er í 28. gr. að finna slíkan galla í lögnum þar sem umsagnaraðilanum Veiðimálastofnun er ætlað rannsóknarhlutverk samhliða. Nákvæmlega í hverju þau störf felast er ekki tilgreint ef frá er talið að þar stendur að "Gögnum eða lífsýnum sem varða merkta eldisfiska skuli send til Veiðimálastofnunar" í stað þess að segja "...til tilgreindra rannsóknaraðila sem tilgreindir eru af Matvælastofnun sem nærtækastir væru þeir sem vinna úr erfðasýnum (Matís og sambærilegri aðilar).

Mikilvægi þess að framkvæmdalýsing liggja fyrir um töku erfðasýna og úrvinnslu þeirra er grundvöllur þess að hægt sé að staðfesta þá aðferðafræði með samþykkt 7. greinar þessa frumvarps. Sláandi dæmi um afleiðingar þess að slík framkvæmdaáætlun liggja ekki fyrir er fólgið í þeirri staðreynd að frá því að horfið var frá skilyrtum örmerkingum á hluta laxaseiða sem sett voru eldiskvíar í sjó með breytingum þar að lútandi í reglugerðinni frá 2012 þá hefur ekkert verið gert til þess að uppfylla þau ákvæði sem tóku þá við. Þessi ákvæði í reglugerðinni frá 2012 kváðu á um að í stað örmerkinga seiða sem skilyrtar voru í starfsleyfi seiðaeldisstöða sem ólu seiði fyrir kvíaeldi fram að þeim tíma, skyldi stuðst við erfðamörk ásamt uggaklippingum til að geta rakið uppruna eldislaxa sem sleppa

úr kvíum fyrir slysi. Þau tvö ár sem liðin eru þá hefur hvergi verið hægt að nálgast framkvæmdalýsingu þess hvernig staðið sé að söfnun og vinnsla gagna sem varða erfðasýni af laxi enda þótt fjölgun eldisaðila á þessum tíma hafi gefið gefi enn frekara tilefni til en áður. Á opinni málstofu "Fiskeldi, áhrif af sjókvíaeldi og lausnir" sem haldin var 4. apríl s.l. var til umfjöllunar lagaumhverfi fiskeldis hér á landi frá upphafi og sérstaklega um nógildandi lög og þær breytingar sem nýja frumvarpið felur í sér. Þar gafst undirrituðum tækifæri á að koma inn á þau atriði sem reifuð eru hér og þarfnast lagfæringar. Þetta var kærkomið þ.s. aðilar frá öllum helstu aðilum sem málið varðar voru á staðnum sem auk fiskeldismanna og veiðifélagamanna töldu m.a. Fiskistofu, Matvælastofnun og Veiðimálastofnun. Þar fékkst það staðfest milliliðalaust sem vitað var að sá eftirlitsþáttur sem felst í því að geta rakið uppruna eldislaxa hefur enginn verið þau tvö ár sem liðin eru frá því að reglugerð um fiskeldi tók af örmerkingar seiða og setti erfðamörk í þeirra stað. Einnig fékkst staðfest að framkvæmdalýsingin er ennþá engin til sem segir til um hvernig skuli að þessu staðið lið fyrir lið frá sýnatöku til varðveislu, greiningu og birtingu gagna. Þess í stað fengust þau svör frá forstjóra Veiðimálastofnunar að til væri skýrsla þar sem fjallað væri um það að aðferðafræðin sem slík myndi virka. Þetta undirstrikar það sem hér er sagt að ef ekki er hægt að ganga frá áðurnefndri framkvæmdalýsingu áður en löggin eru samþykkt þá sýnir ofagreint dæmi um framkvæmdaleysið varðandi þennan eftirlitsþátt að réttast er setja örmerkingar inn aftur þar til slíkt verður gert.

Þegar fyrir liggur lýsing á framkvæmd á söfnun og vinnsla erfðamarka og marktækni þeirrar aðferðar m.t.t. uppsetningu sýnatökunnar m.t.t. eldistöðva og þeirra kvía sem seiðin fara í. Þá verður fyrst hægt að átta sig á marktækan hátt á því hvað aðferðin stendur fyrir faglega og fjárhagslega sem gefur þá loks tækifæri á að bera hana raunhæft saman við örmerkingar seiða sem var sá kostur sem notaður var fram til 2011.

Undirritaður óskar eftir því að fá að fylgja þessum athugasemdum eftir á fundi með þingmönnum Atvinnuveganefndar.

Reykjavík, 5. apríl 2014

Fyrir hönd Laxfiska ehf



---

Jóhannes Sturlaugsson  
Framkvæmdastjóri